

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 52/2010**

**frá 30. apríl 2010**

**um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 frá 24. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga <sup>(2)</sup>.
- 3) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003 <sup>(3)</sup> rann út 31. mars 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 15b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003) í XIV. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 R 0267**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 frá 24. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 267/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31, og EES-viðbætir nr. 15, 29.3.2007, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*). Hún kemur til framkvæmda frá 1. apríl 2010 að telja.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.